



Drög að framkvæmda-áætlun í málefnum innflytjenda 2025 til 2028

Úr drögum að tillögu til
þings-ályktunar í málefnum
inn-flytjenda

Auðlesin útgáfa

Útgefandi:

Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið

September 2024

frn@frn.is

www.frn.is

Umbrot og textavinnsla:

Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið

©2024 Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið

Fjölmennt færði á auðlesið mál

ISBN 978-9935-513-31-1

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
1. Framtíðarsýn.....	6
2. Viðfangsefni.....	8
3. Markmið	9
4. Framkvæmda-áætlun.....	11
5. Hugtök.....	32

Inngangur

Þetta skjal fjallar um málefni innflytjenda á Íslandi.
Þetta skjal er aðgerðar-áætlun í málefnum innflytjenda.
Hér stendur hvað Félags- og vinnumarkaðs-ráðherra vill gera í málefnum innflytjenda á Íslandi.

Þessi auðlesni texti er til að fræða þig.
Þessi auðlesni texti er viðbót við frumtextann.
Þessi auðlesni texti er ekki lagalega bindandi.
Það er frumtextinn sem gildir.
Aftast í skjalinu er skýringar á mikilvægum orðum.

Í frumtextanum er greinargerð sem er ekki í þessum texta.
Í þessu skjali er bara fjallað um markmið og aðgerðir.
Það eru fyrstu 4 kaflarnir í frumtextanum.

Frumtextinn er drög að þings-ályktunar-tillögu.
Það þýðir að skjalið er ekki tilbúið.
Skjalið fer fyrst í opið samráð.
Þá getur fólk gert athugasemdir við þings-ályktunar-tillöguna.

Þegar opið samráð er búið gerir Félags- og vinnumarkaðs-ráðherra breytingar.
Svo leggur hann þings-ályktunar-tillögu fyrir Alþingi.

Þings-ályktun er ekki lög.
Þings-ályktun fjallar um hvað ríkisstjórn ætlar að gera.
Þings-ályktun tekur gildi þegar þingið hefur samþykkt þings-ályktunar-tillögu.

Þá hefur Alþingi sett stefnu í málefnum innflytjenda.

Stefna í málefnum innflytjenda gildir frá árinu 2025 til ársins 2038.

Þessi stefna í málefnum innflytjenda hefur verið kynnt.

Það var í hvítbókinni:

Samfélag okkar allra – framtíð og stefna Íslands í málefnum innflytjenda.

Þú finnur meiri upplýsingar um stefnuna með því að [smella hér](#).

1. Framtíðarsýn

Svona vill Félags- og vinnumarkaðs-ráðherra að málefni innflytjenda verði í framtíðinni:

1. Á Íslandi á að vera fjölmening.
Öll eiga að hafa rétt á sinni menningu.
Öll eiga að geta tekið þátt í samfélaginu.
Öll eiga að geta fengið vinnu.
2. Innflytjendur eiga að vera hluti af samfélaginu.
Fólk á að bera virðingu fyrir ólíkri menningu.
Stjórnvöld eiga að styðja við það að öll geti tekið þátt.
3. Innflytjendur eiga að hafa tækifæri til að læra Íslensku.
Innflytjendur eiga að geta talað íslensku í daglegu lífi.
Íslenskunám á að vera gott.
Íslenskunám á að henta öllum.

Stefna Íslands í málefnum innflytjenda á að byggja á:

- Lýðræði
- Jafnrétti
- Mannréttindum

Framtíðar-sýnin hefur þrjú stór markmið:

1. Innflytjendur eiga að vera hluti af samfélaginu.
Samfélagið á að vera fjölbreytt.
Öll eiga að hafa rétt á sinni menningu.
Öll eiga að hafa jöfn tækifæri.

- 2.** Samfélagið á að styðja ólíka hópa.
Til dæmis ólíka hópa innflytjenda.
Innflytjendur eiga rétt á aðgengilegum upplýsingum.

- 3.** Börn og fullorðnir eiga að fá góða kennslu í íslensku.
Kennslan á að henta öllum.
Innflytjendur eiga að geta talað íslensku.

[Smelltu hér](#) til að lesa meira um framtíðarsýnina og markmiðin.

2. Viðfangsefni

Til þess að ná markmiðunum á að leggja áherslu á þetta:

- 1.** Innflytjendur og flóttafólk eiga að fá góðar upplýsingar um:
Hvað þau eiga að gera.
Hverju þau eiga rétt á.
- 2.** Það á að vera góð kennsla í íslensku fyrir öll þau sem eiga annað móðurmál.
- 3.** Á Íslandi eru mörg störf sem þarf að vinna.
Við þurfum að vita hvaða störf þetta eru.
Þá vitum við hvaða tækifæri eru fyrir innflytjendur.
- 4.** Margir innflytjendur hafa lært í útlöndum.
Það á að meta þá reynslu þegar innflytjendur koma til Íslands.
- 5.** Samfélagið á að vera inngildandi.
Það þýðir að öll geti tekið þátt í samfélaginu.
- 6.** Innflytjendur eiga að vera með í að taka ákvarðanir.
- 7.** Það á að minnka fátækt innflytjenda.
- 8.** Innflytjendur eiga að taka þátt í lýðræðinu.
Innflytjendur eiga að geta kosið og boðið sig fram í kosningum.
Innflytjendur eiga að hafa sömu réttindi og aðrir.
- 9.** Það á að rannsaka betur málefni innflytjenda og flóttafólks.
Þannig er hægt að bæta þjónustu fyrir innflytjendur og flóttafólk.
- 10.** Flóttafólk á að lifa sjálfstæðu lífi á Íslandi

3. Markmið

Það getur verið erfitt að mæla hvort stóru markmiðin hafa náðst.

Þess vegna er búið að skipta þeim upp í minni markmið.

Það er auðveldara að mæla minni markmiðin.

Stóru markmiðin eru merkt með 1 tölustaf.

Minni markmiðin eru merkt með 2 tölustöfum.

Þetta eru minni markmiðin:

- 1.1.** Innflytjendur taka virkan þátt í kosningum á Íslandi.
Þátttaka innflytjenda á að vera eins og hjá öðrum.
 - 1.2.** Innflytjendur hafa sömu tækifæri og aðrir til að taka þátt í samfélaginu.
 - 1.3.** Fólkhafur gott viðhorf til innflytjenda.
Fólk veit hvað fjölmening og inngilding er.
 - 1.4.** Innflytjendur eru ekki fátækari en aðrir.
 - 1.5.** Innflytjendur vinna hjá ríkinu og sveitarfélögum.
 - 1.6.** Ríkisútvarpið (RÚV) sýnir að samfélagið sé fjölbreytt.
-
- 2.1.** Það á að vera einfalt fyrir innflytjendur að fá upplýsingar.
 - 2.2.** Flóttafólk á að fá góða þjónustu strax frá byrjun.
 - 2.3.** Það á að meta menntun frá útlöndum.
Það á líka að meta starfsreynslu.
 - 2.4.** Það á að rannsaka málefni innflytjenda.
Það á að miðla þekkingu á málefnum innflytjenda.
 - 2.5.** Skólar á Íslandi eiga að henta öllum börnum og ungmennum.
Sama hvaða tungumál börn og ungmenni tala.
Sama hvaða menningu börn og ungmenni hafa.
 - 2.6.** Innflytjendur eiga að vera jafnir öðrum með húsnæði
-
- 3.1.** Það á að vera hægt að læra íslensku alls staðar á landinu.
 - 3.2.** Íslenskunám á að vera gott.

- 3.3.** Innlendir eiga að sýna innflytjendum skilning þegar þeir tala íslensku.
Innlendir eiga að hvetja innflytjendur til að tala íslensku.
- 3.4.** Það á að vera auðvelt að fara í íslenskunám.
Það á að henta öllum að vera í íslenskunámi.
- 3.5.** Íslenskunám á að vera eins metið alls staðar.

[Smelltu hér](#) til að lesa meira um markmiðin.

4. Framkvæmda-áætlun

Til þess að ná markmiðunum þarf að gera ýmislegt.
Í þessari framkvæmda-áætlun stendur hvað á að gera.

[Smelltu hér](#) til að lesa meira um markmiðin.

Fyrir hvert markmið eru ein eða fleiri aðgerðir.
Þetta eru aðgerðirnar fyrir árin 2025 til 2028.

1.1. Innflytjendur taka virkan þátt í kosningum. Þátttaka innflytjenda á að vera eins og hjá öðrum.

1.1.1 Þátttaka í lýðræði. Fræðsla um lýðræði.

Markmið:

- Að hvetja innflytjendur til að kjósa í kosningum.
- Að hvetja innflytjendur til að bjóða sig fram í kosningum.
- Að fræða innflytjendur um lýðræði á Íslandi.

Hvað á að gera?

a) Þegar innflytjandi má kjósa og bjóða sig fram fær hann bréf.
Í bréfinu eru upplýsingar um kosningar á Íslandi.

b) Börn og ungmenni fá sérstaka fræðslu um kosningar.

Ábyrgð: Þjóðskrá. Mennta- og barnamála-ráðuneytið.

Fyrir hverja er verkefnið?

Innflytjendur sem mega kjósa og bjóða sig fram.
Börn og ungmenni.

Tímabil: 2025-2028

Niðurstaða:

Innflytjendur vita hvenær þeir mega kjósa og bjóða sig fram.
Innflytjendur vita hvernig kosningar virka á Íslandi.

Börn og ungmenni vita hvernig lýðræðið virkar á Íslandi.

1.2 Innflytjendur hafa sömu tækifæri og aðrir til að taka þátt í samfélaginu.

1.2.1. Vinna og tækifæri

Markmið:

Að innflytjendur hafi sömu tækifæri og aðrir til að vinna.

Hvað á að gera?

a) Aðstoða fólk sem talar litla íslensku.
Aðstoða fólk sem hefur lítið unnið áður.

b) Fræða fólk um vinnu á Íslandi.

c) Vinna með fyrirtækjum til að skapa tækifæri fyrir innflytjendur.

Ábyrgð: Vinnumála-stofnun

Fyrir hverja er verkefnið?

16 til 66 ára gamla innflytjendur.
Fyrirtæki.

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Innflytjendur eiga að hafa sömu tækifæri og aðrir til að vinna.
Innflytjendur eiga að geta unnið alls konar vinnu.
Innflytjendur eiga að geta skipt um vinnu ef þeir vilja.

1.2.2. Þátttaka barna og ungmenna í íþróttum og tómstundum

Markmið:

Að fleiri börn innflytjenda taki þátt í íþróttum og tómstundum.
Að börn innflytjenda hætti ekki í íþróttum eða tómstundum.

Hvað á að gera?

Ýmis verkefni sem virka vel.

Hver sér um þetta? Mennta- og barnamála-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Börn innflytjenda.

Fjölskyldur innflytjenda.

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Að börn innflytjenda hafi sömu tækifæri og önnur börn til að:

Taka þátt í íþróttum og tómstundum.

Læra og þroskast utan skóla.

1.2.3. Rannsókn á hvernig innflytjendum líður.**Rannsókn á þátttöku innflytjenda í samfélaginu.****Markmið:**

Að stjórnvöld viti:

Hvernig innflytjendum líður með þátttöku sína í samfélaginu.

Hvað innflytjendum finnst um tækifærin sín.

Hvað innflytjendum finnst erfitt.

Hvað á að gera?

Kanna líðan innflytjenda á 4 ára fresti.

Fyrsta könnunin verður árið 2026.

Hver sér um þetta? Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Innflytjendur

Stjórnvöld

Tímabil: 2026

Niðurstaða:

Að stjórnvöld viti hvað innflytjendum finnst um þátttöku sína í samfélaginu.

Að nota niðurstöðurnar til að:

Auka þátttöku innflytjenda í samfélaginu.

Bæta líðan innflytjenda.

Fjölga tækifærum.

1.3 Fólk hefur gott viðhorf til innflytjenda. Fólk veit hvað fjölmening og inngilding er.

1.3.1 Könnun á viðhorfi fólks til innflytjenda

Markmið:

Að fylgjast með viðhorfi fólks til innflytjenda.
Að bregðast við ef þess þarf.

Hvað á að gera?

Á 2 ára fresti verður gerð könnun.

Könnunin heitir: **Afstaða almennings til innflytjendamála.**

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Samfélagið
Stjórnvöld
Vísindafólk

Tímabil: 2025 og 2027

Niðurstaða:

Félagsvísinda-stofnun kannar viðhorf fólks til innflytjenda.

Félagsvísinda-stofnun skoðar hvort eitthvað breytist.

Stjórnvöld vinna gegn neikvæðum viðhorfum.

1.3.2. Vinnumálastofnun bætir fræðslu um fjölmeningu og inngildingu

Markmið:

Gott aðgengi að fræðslu um fjölmeningu og inngildingu.

Hvað á að gera?

a) Fræðsla fyrir vinnustaði og samtök

b) Fræðsluefni á netinu um inngildingu

c) Vinnumálastofnun hefur búið til fræðslu fyrir innflytjendur.

Fræðslan heitir Landneminn.

Landneminn fjallar um íslenskt samfélag.

Allir sem vilja eiga að fá Landnemann.

Ábyrgð:

Vinnumála-stofnun

Fyrir hverja er verkefnið?

Allt samfélagið

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Að fólk viti hvernig á að búa til inngildandi samfélag.

1.4 Innflytjendur eru ekki fátækari en aðrir.

1.4.1. Rannsaka fátækt innflytjenda

Markmið:

Að vita hvers vegna:

Sumir innflytjendur eru fátækir

Sumir innflytjendur eru útundan í samfélaginu

Að vita hvernig er hægt að minnka fátækt

Hvað á að gera?

a) Rannsaka hvers vegna:

Sumir innflytjendur eru fátækir

Sumir innflytjendur eru útundan í samfélaginu

b) Skoða innflytjendur í Lífskjara-rannsóknnum Hagstofunnar

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið. Hagstofan.

Fyrir hverja er verkefnið?

Fátæka innflytjendur

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Búa til verkefni sem minnka fátækt hjá innflytjendum

Hjálpa innflytjendum að taka þátt í samfélaginu

1.5 Innflytjendur vinna hjá ríkinu og sveitarfélögum.

1.5.1. Vinna hjá ríki og sveitarfélögum fyrir öll

Markmið:

Öll eiga að hafa sömu tækifæri til að vinna hjá ríkinu og sveitarfélögum. Það skiptir máli hvað þú getur og kannt. Það skiptir **ekki** máli frá hvaða landi þú ert.

Hvað á að gera?

a) Margir innflytjendur vinna hjá ríkinu og sveitarfélögum.

Það á að skoða hvað þessir innflytjendur vinna við.

Það á líka að skoða frá hvaða löndum þessir innflytjendur eru.

b) Skoða hvernig ríki og sveitarfélög velja fólk í vinnu.

Gera breytingar þegar það þarf.

c) Til að vinna sum störf þarf að tala íslensku.

Stundum mikla.

Stundum litla.

Þegar vinna er auglýst á að segja hvað maður þarf að tala góða íslensku.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Allt samfélagið

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Ríkið og sveitarfélögin eiga að vera fjölbreyttir vinnustaðir.

2.1 Það á að vera einfalt fyrir innflytjendur að fá upplýsingar.

2.1.1. Búa til góða upplýsinga-þjónustu fyrir innflytjendur

Markmið:

Að það sé einfalt fyrir innflytjendur að fá upplýsingar.

Að innflytjendur viti hvar þeir fá upplýsingar.

Að innflytjendur fái góðar upplýsingar.

Að innflytjendur geti notað þessar upplýsingar.

Hvað á að gera?

- a) Bæta upplýsingar á island.is.
Hafa upplýsingarnar á mörgum tungumálum.
Hafa sérstakar upplýsingar fyrir nýja innflytjendur.
- b) Bæta hvernig innflytjendur fá upplýsingar um allt land.
- c) Bæta fræðslu vinnumála-stofnunar.
Hún heitir Landneminn.
Landneminn á að vera fyrir alla innflytjendur.
- d) Auglýsa vel hvar innflytjendur geta fengið upplýsingar.

Ábyrgð: Vinnumála-stofnun

Fyrir hverja er verkefnið?

Nýja innflytjendur

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Að innflytjendur fái góðar upplýsingar um:
Hvað innflytjendur eiga að gera.
Hvaða rétt innflytjendur hafa.

2.2 Flóttafólk á að fá góða þjónustu strax frá byrjun

2.2.1.: Flóttafólk á að fá góða þjónustu strax frá byrjun

Markmið:

Að flóttafólk fái góða þjónustu.
Að þjónustan hjálpi flóttafólki að lifa sjálfstæðu lífi.

Hvað á að gera?

- a) Hafa auka þjónustu fyrir flóttafólk.
- b) Skoða hvaða þjónustu flóttafólk þarf.
Skoða hvernig þjónustan á að vera.
Búa til gott kerfi fyrir þjónustuna.
- c) Byrja jafningja-stuðning fyrir flóttafólk.

Í jafningja-stuðningi hjálpast flóttafólk að.

d) Þjálfar starfsfólk sem vinnur með flóttafólki.
Þannig þekkir þetta starfsfólk ólíka menningu betur.
Þannig lærir þetta starfsfólk um áföll.

e) Búa til félagsstarf fyrir flóttafólk.
Í félagsstarfinu kynnist flóttafólk íslensku samfélagi.
Í félagsstarfinu æfir flóttafólk sig að tala íslensku.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Flóttafólk
Þjónusta við flóttafólk

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Betri þjónusta við flóttafólk.

2.2.2: Sálrænn stuðningur fyrir flóttafólk

Markmið:

Margt flóttafólk hefur lent í áfalli.

Áfall er mjög slæm reynsla.

Til dæmis:

- Ofbeldi
- Stríð
- Náttúruhamfarir

Flóttafólk á að fá sálrænan stuðning.

Það þýðir að flóttafólki sé hjálpað að líða betur.

Þá gengur flóttafólki betur að búa á Íslandi.

Hvað á að gera?

a) Styðja flóttafólk í hópum.

Í hópunum fær flóttafólk áfallahjálp.

Í áfallahjálp er flóttafólki hjálpað að vinna úr áföllum.

b) Sumt flóttafólk þarf meiri stuðning til að vinna úr áföllum.

Til dæmis hjá sálfræðingi.

Þessu flóttafólki verður hjálpað að komast til sálfræðings.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Flóttafólk

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Flóttafólk fær sálrænan stuðning.

Stuðningurinn hentar flóttafólkinu.

Flóttafólk sem þarf meiri stuðning fær meiri stuðning.

Þannig verður auðveldara fyrir allt flóttafólk að búa á Íslandi.

2.2.3.: Góð meðferð við áfalla-streitu-röskun

Markmið:

Sumt flóttafólk er með **áfalla-streitu-röskun**.

Áfalla-streitu-röskun getur komið eftir slæmt áfall.

Þá þarf fólk mikla aðstoð frá sérfræðingi.

Sú aðstoð kallast: **meðferð**.

Þetta flóttafólk á að fá góða meðferð við áfalla-streitu-röskun.

Hvað á að gera?

a) Þjóða flóttafólki góða meðferð við áfalla-streitu-röskun.

b) Þjálfar fólk sem veitir flóttafólki meðferð við áfalla-streitu-röskun.

c) Hjálpa flóttafólki að fá meðferð við áfalla-streitu-röskun.

Ábyrgð: Heilbrigðis-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Flóttafólk á Íslandi

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Flóttafólk fær stuðning til að vinna úr áföllum.

Sumt flóttafólk fær meðferð við áfalla-streitu-röskun.

Þannig verður auðveldara fyrir allt flóttafólk að búa á Íslandi.

2.2.4.: Þjónusta fyrir fylgdarlaus börn

Markmið:

Það á að bæta þjónustu við **fylgdarlaus flóttabörn**.

Fylgdarlaus flóttabörn komu til Íslands **án** foreldra sinna.

Það á að þjálfar fólk sem vinnur með fylgdarlausum flóttabörnum.

Hvað á að gera?

Margir vinna saman.

Til dæmis:

- Barnavernd
- Sveitarfélög
- Skólar

- Íþróttafélög

Ábyrgð: Mennta- og barnamála-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Fylgdarlaus flóttabörn

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Góð þjónusta við fylgdarlaus flóttabörn

2.2.5: Stuðningur við sveitarfélög

Markmið:

Að vel sé tekið á móti flóttabörnum.

Að öll flóttabörn fái góða þjónustu.

Hvað á að gera?

a) Styðja sveitarfélög sem veita flóttabörnum þjónustu.

b) Nýtt verkefni sem þjónustar flóttabörn sérstaklega.

Verkefnið byggir á lögum um farsæld barna.

Ábyrgð:

Mennta- og barnamála-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Flóttabörn

Fjölskyldur flóttabarna

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Góð þjónusta fyrir flóttabörn.

Góð þjónusta fyrir fjölskyldur flóttabarna.

2.2.6. Íslenskukennsla fyrir flóttafólk

Samfélagsfræðsla fyrir flóttafólk

Markmið:

Að hjálpa flóttafólki að læra íslensku.

Að hjálpa flóttafólki að skilja íslenskt samfélag

Hvað á að gera?

a) Flóttafólk fær góða íslenskukennslu.
Íslenskukennslan byrjar þegar flóttafólk fær leyfi til að vera á Íslandi.

b) Allt flóttafólk fær aðgang að Landnemanum.
Landneminn er samfélagsfræðsla.

c) Skoða hvernig nám ólíkt flóttafólk þarf.
Búa til nám sem hentar öllum.

Ábyrgð: Vinnumála-stofnun

Fyrir hverja er verkefnið?

Fullorðið flóttafólk

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Að allt fullorðið flóttafólk:

- Geti lært íslensku
- Skilji íslenskt samfélag
- Viti hvar það fær þjónustu

2.3 Það á að meta menntun og reynslu frá útlöndum.

2.3.1. Menntun frá útlöndum gildir á Íslandi

Markmið:

Að meta menntun frá útlöndum.

Að veita fólki starfsréttindi.

Að innflytjendur hafi sömu tækifæri og aðrir.

Hvað á að gera?

a) Halda áfram með aðferð til að meta nám frá útlöndum.

b) Samstarf um að fjölga tækifærum fyrir innflytjendur.

Ábyrgð: Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Innflytjendur með menntun frá útlöndum
Samfélagið

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Að innflytjendur hafi fleiri tækifæri.

Að innflytjendur fái vinnu sem hentar þeim.

Að menntun og reynsla innflytjenda nýtist samfélaginu.

2.3.2.: Raunfærni-mat er nýtt til að meta færni og reynslu innflytjenda með stutta formlega skólagöng

Markmið:

Raunfærni-mat er fyrir innflytjendur sem hafa verið stutt í skóla.

Í raunfærni-mati er skoðað hvað fólk kann.

Eftir raunfærni-matið getur fólk farið í skóla.

Fólk getur líka fengið reynslu sína metna í vinnunni.

Þetta skapar fleiri tækifæri fyrir innflytjendur.

Hvað á að gera?

a) Skoða hvernig raunfærni-mat er í dag.

Skoða hvernig raunfærni-mat hefur hjálpað innflytjendum.

b) Kynna raunfærni-mat fyrir innflytjendum.

Finna góðar leiðir fyrir innflytjendur til að nýta raunfærni-mat.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið.

Fyrir hverja er verkefnið?

Innflytjendur sem hafa litla menntun og mikla reynslu.

Fyrirtæki sem vilja nýta reynslu innflytjenda.

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Að innflytjendur fái fleiri tækifæri.

Að innflytjendur fái vinnu við hæfi.

Að innflytjendur geti menntað sig meira.

Að fyrirtæki nýti reynslu innflytjenda.

2.4 Það á að rannsaka málefni innflytjenda. Það á að deila þekkingu á málefnum innflytjenda.

2.4.1. Rannsóknir. Þekking. Miðlun.

Markmið:

Að búa til einn stað sem safnar upplýsingum um málefni innflytjenda. Þá er hægt að nýta upplýsingarnar betur. Þá er líka hægt að sjá hvaða upplýsingar vantar.

Hvað á að gera?

a) Stofna þekkingar-vettvang.

Þar er upplýsingum um málefni innflytjenda safnað saman.

Þá er hægt að nýta þessar upplýsingar betur.

Þá er líka hægt að sjá hvaða upplýsingar vantar.

b) Skoða hvað þarf að gera betur á þessu sviði.

c) Halda ráðstefnur um málefni innflytjenda.

Fyrsta ráðstefnan verður árið 2025.

Næsta ráðstefna verður árið 2027.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Vísindafólk

Stofnanir sem þjónusta innflytjendur

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Betri upplýsingar um málefni innflytjenda.

Betri nýting á upplýsingum um málefni innflytjenda.

2.4.2.: Betra aðgengi að tölfræði um innflytjendur á Íslandi

Markmið:

Góð tölfræði um innflytjendur á Íslandi

Betra aðgengi að tölfræði um innflytjendur á Íslandi

Að góð tölfræði sé nýtt í rannsóknir.

Að góð tölfræði sé nýtt til að taka ákvarðanir.

Hvað á að gera?

Margar stofnanir safna tölfræði um innflytjendur á Íslandi. Það á að búa til góða leið til að safna tölfræðinni. Þá geta þessar stofnanir unnið betur saman.

Ábyrgð: Forsætisráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Háskóla
Stofnanir
Stjórnvöld
Samfélagið
Innflytjendur

Tímabil: 2025 til 2026

Niðurstaða:

Betri tölfræði um innflytjendur á Íslandi.
Að þeir sem vilja nýta tölfræðina geti gert það.

2.5 Skólar á Íslandi eiga að henta öllum börnum og ungmennum.

Sama hvaða tungumál börn og ungmenni tala.

Sama hvaða menningu börn og ungmenni hafa.

2.5.1. Það á að taka vel á móti börnum frá mismunandi löndum

Markmið:

Margir skólar taka á móti börnum frá útlöndum.

Þessi börn koma frá mismunandi löndum.

Þessi börn tala mismunandi tungumál.

Þessi börn hafa mismunandi menningu.

Skólarnir eiga að fá aðstoð við að taka á móti þessum börnum.

Hvað á að gera?

Búa til stuðning og þjónustu um:

- Íslensku sem annað mál

- Inngildingu og fjölmenningu í skólum
- Lestrarkennslu og mat
- Samstarf við foreldra
- Menntun kennara
- Þjálfun starfsfólks
- Námsgögn

Ábyrgð: Mennta- og barnamála-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Börn frá mismunandi löndum

Foreldra barna frá mismunandi löndum

Kennara

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Allir skólar á landinu taka vel á móti börnum frá ólíkum löndum.

Allir skólar á landinu fá aðstoð við að taka á móti þessum börnum.

2.5.2. Námsgögn fyrir börn og ungmenni frá mismunandi löndum

Markmið:

Að það séu til námsgögn sem henta börnum og ungmennum frá mismunandi löndum.

Að þessi námsgögn séu til fyrir alla skóla.

Námsgögn eru til dæmis skólabækur.

Hvað á að gera?

a) Bæta Námsgagnasjóð.

Bæta Þróunarsjóð námsgagna.

b) Búa til námsgögn fyrir íslensku sem annað mál

c) Búa til aðferðir til að aðlaga námsgögn fyrir börn frá mismunandi löndum.

Ábyrgð: Mennta- og barnamála-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Börn frá mismunandi löndum.

Kennara barna frá mismunandi löndum.

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Að til séu góð námsgögn fyrir börn frá mismunandi löndum.

Að börn um allt land noti þessi námsgögn.

2.5.3. Nám í framhalds-skóla fyrir ungmenni frá mismunandi löndum.

Markmið:

Fleiri tækifæri í framhalds-skólum fyrir ungmenni frá mismunandi löndum.

Að fleiri ungmenni frá mismunandi löndum fari í framhalds-skóla

Að færri ungmenni frá mismunandi löndum hætti í framhalds-skóla

Hvað á að gera?

a) Framhaldsskólar eiga að búa til meira nám fyrir ungmenni frá mismunandi löndum.

b) Það á að skoða aðal-námsskrá framhalds-skóla.

Í aðal-námsskrá stendur hvernig framhalds-skólar eiga að vera.

Kannski þarf að breyta aðal-námsskrá framhalds-skóla.

Þá á að breyta aðal-námsskrá framhalds-skóla.

Ábyrgð: Mennta- og barnamála-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Ungmenni á framhalds-skóla-aldri frá ólíkum löndum.

Framhalds-skóla-aldur er 16 til 20 ára.

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Það á að vera búið að skoða aðal-námsskrá framhalds-skóla.

Það á að vera búið að gera nauðsynlegar breytingar á aðal-námsskrá framhalds-skóla.

Nám í framhalds-skóla á að henta ungmennum frá mismunandi löndum.

3.1 Það á að vera gott íslenskunám um allt land.

3.1.1. Íslenskunám á að henta öllum

Markmið:

Það á að vera fjölbreytt íslenskunám um allt land.

Íslenskunám á **ekki** að vera of dýrt.

Íslenskunám hjálpar innflytjendum að taka þátt í samfélaginu.

Hvað á að gera?

a) Innflytjendur eiga að hafa rétt á námi í íslensku.

b) Innflytjendur eiga að geta lært íslensku í vinnunni.

c) Þau sem kenna íslensku sem annað mál eiga að fá góð námsgögn. Námsgögnin miðast við Sam-evrópska tungumála-rammann.

Sam-evrópski tungumála-ramminn segir hvernig nám í tungumáli á að vera.

d) Börn sem eru innflytjendur læra íslensku í skóla.

Það á að búa til sérstök námskeið fyrir foreldra þessara barna.

Þá læra foreldrarnir líka íslensku.

e) Það á að búa til nám í íslensku táknmáli fyrir innflytjendur.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Innflytjendur sem læra íslensku

Atvinnulífið

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Að hægt sé að læra íslensku um allt land.

Að íslenskunám sé gott.

Að íslenskunám henti öllum.

Að námsgögn séu góð.

Að tækni sé notuð til að hjálpa innflytjendum að læra íslensku.

3.2 Íslenskunám á að vera gott

3.2.1 Kennarar í íslensku sem annað mál

Markmið:

Að kennarar sérhæfi sig í að kenna íslensku sem annað mál.
Háskólanám fyrir kennara sem kenna íslensku sem annað mál.
Námið á að henta kennurum sem eru í vinnu.

Hvað á að gera?

a) Fjölga kennurum sem kenna íslensku sem annað mál.
Að þessir kennarar sérhæfi sig í að kenna íslensku sem annað mál.

b) Kynna háskólanámið.
Miða við Sam·evrópska tungumála·rammann.

c) Skoða hversu gott íslenskunám fyrir fullorðna er árið 2027.
Spyrja þá sem hafa lært íslensku.

Ábyrgð: Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunar·ráðuneytið.
Félags- og vinnumarkaðs·ráðuneytið.

Fyrir hverja er verkefnið?

Innflytjendur
Skóla
Atvinnulífið

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Að kennarar læri að kenna íslensku sem annað mál.
Að kennararnir noti Sam·evrópska tungumála·rammann.
Þá verður íslenskunám betra fyrir alla.

3.3 Innlendir eiga að sýna innflytjendum skilning þegar þeir tala íslensku.

Innlendir eiga að hvetja innflytjendur til að tala íslensku.

3.3.1. Öll tala íslensku

Markmið:

Að innflytjendur fái fleiri tækifæri til að tala íslensku við innlenda. Þannig geta innflytjendur æft sig í íslensku.

Hvað á að gera?

a) Sérstakt verkefni verður frá árinu 2025 til 2027.

Verkefnið snýst um að íslenska sé fjölbreytt.

Sumir innflytjendur tala íslensku öðruvísi en innlendir.

Innlendir eiga að sýna því skilning.

Innlendir eiga samt að tala íslensku við innflytjendur.

b) Styðja verkefni sem hjálpa innflytjendum að tala íslensku við innlenda.

c) Rannsaka hvað fólki finnst um að nota íslensku til að saman. Spyrja bæði innlenda og innflytjendur.

Ábyrgð:Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Samfélagið allt

Tímabil: 2025 til 2028

Niðurstaða:

Að innflytjendum finnst þeir hafa tækifæri til að tala íslensku.

Að innlendir styðji innflytjendur í að tala og skrifa íslensku.

3.4 Það á að vera auðvelt að fara í íslenskunám.

Það á að henta öllum að vera í íslenskunámi.

3.4.1. Fjölbreytt íslenskunám

Markmið:

Að fjölbreytt íslenskunám sé í boði.

Að hver og einn fái íslenskunám sem hentar þeim.

Að innflytjendur viti hvaða nám er í boði.

Hvað á að gera?

a) Að búa til íslenskunám fyrir innflytjendur í vaktavinnu.
Að búa til íslenskunám fyrir innflytjendur sem geta ekki fengið pössun fyrir börnin sín.

Þessir innflytjendur komast ekki alltaf á sama tíma á námskeið.
Þess vegna þarf nám fyrir þessa innflytjendur að vera sveigjanlegt.
Til dæmis með því að vera á mismunandi tíma dags.
Þetta nám getur verið í skóla.
Þetta nám getur líka verið á internetinu.

b) Að styðja við forrit sem hjálpa fólki að æfa sig í íslensku.
Að öll hafi aðgang að þessum forritum.

c) Safna saman þekkingu til að:

- Styðja við sveigjanlegt íslenskunám.
- Styðja við íslenskunám sem hentar hverjum og einum.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið

Fyrir hverja er verkefnið?

Innflytjendur í vaktavinnu

Innflytjendur sem búa í sveit

Innflytjendur sem geta ekki fengið pössun fyrir börnin sín

Tímabil:

2025 til 2028

Niðurstaða:

Að mismunandi hópar innflytjenda geti farið í íslenskunám.

Að fleiri innflytjendur fari í íslenskunám.

5. Hugtök

Hér eru útskýringar á helstu hugtökunum sem eru notuð í þessari framkvæmda-áætlun

Orðin eru í stafrófsröð.

Fjölmennig:

Fjölmennig er samfélag þar sem ólík menning er á sama stað.

Menning er það hvernig við gerum hlutina.

Margt er hluti af menningu.

Til dæmis hvaða tungumál við tölum.

Líka hvað við borðum og hvernig við klæðum okkur.

Ólíkir hópar hafa ólíka menningu.

Öll eiga rétt á sinni menningu.

Og að tilheyrja fleiri en einni menningu.

Flóttafólk er fólk sem flytur frá heimalandi sínu því það er hrætt.

Flóttafólk getur til dæmis verið hrætt við stríð.

Sum eru hrædd við ofbeldi vegna þess hverju það trúir.

Önnur eru hrædd vegna þess að þau eru hluti af hóp sem er beittur ofbeldi.

Innflytjandi er manneskja sem býr á Íslandi en fæddist ekki á Íslandi.

Foreldrar hennar og ömmur og afar fæddust ekki heldur á Íslandi.

Inngilding snýst um að öll séu hluti af samfélaginu.

Þá verður samfélagið fjölbreytt.

Það þarf að passa að útiloka engan.

Það á að styðja þau sem flytja hingað.

Samfélagið allt ber ábyrgð á að virða fjölbreytnina.

Bæði innlendir og innflytjendur.

Innlendur er ekki innflytjandi og ekki útlendingur.

Útlendingur er sá sem hefur ekki íslenskan ríkisborgara-rétt.

Til dæmis:

Innflytjendur

Ferðamenn